

Karlar og konur í sjónvarpsþáttum

**Athugun á birtingu kynjanna í sjónvarpsþáttum á
Rúv, Stöð 2 og Skjá einum**

Elsa María Jakobsdóttir
Október 2005

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	3
1.1 Aðferð	3
1.2 Úrvinnsla.....	3
2. Niðurstöður	5
2.1 Karlar og konur í sjónvarpsþáttum	5
2.2 Tegundir sjónvarpsefnis	7
2.3 Hlutverk í sjónvarpsþáttum	9
2.4 Aldur einstaklinga í sjónvarpsþáttum	11
2.5 Uppruni efnis.....	13
3. Lokaorð	13

1. Inngangur

1.1 Aðferð

Markmið þessarar rannsóknar er að greina hlutfall karla og kvenna sem birtast í sjónvarpsþáttum í íslensku sjónvarpi. Athugað er hvaða hlutverk kynin gegna á skjánum og reynt að greina á hvaða aldri einstaklingar er. Athuginin er gerð á þremur íslenskum sjónvarpsstöðvum: Ríkissjónvarpinu, Stöð 2 og Skjá einum. Rannsóknin var gerð af félagsfræðiskor Háskóla Íslands fyrir Menntamálaráðuneytið og stýrt af Hilmarí Thor Bjarnasyni.

Úrtakið er samsett vika á tímabilinu 7. apríl til 6. maí 2005 þannig að valdir voru af handahófi sjö dagar yfir rúmlega mánaðar tímabil. Eftirfarandi dagar voru greindir hjá Stöð 2, Skjá einum og Ríkissjónvarpinu frá kl. 19.00 til kl. 23.00: Fimmtudagurinn 7. apríl, laugardagurinn 9. apríl, miðvikudagurinn 13. apríl, sunnudagurinn 17. apríl, þriðjudagurinn 19. apríl, mánudagurinn 25. apríl og föstudagurinn 29. apríl. Athugin féll niður á Ríkissjónvarpinu föstudaginn 29. apríl og því var föstudagurinn 6. maí skráður í staðinn.

Allir sjónvarpsþættir í úrtakinu voru skráðir sem og kvikmyndir sem sýndar voru á þessum útsendingatíma. Einstaklingar voru skráðir sem höfðu, að mati rannsakanda, virkt hlutverk á skjánum þ.e. voru með texta eða voru nógu sýnilegir á skjánum. Aukaleikurum sem einungis brá fyrir myndavél án þess að fara með texta voru því ekki skráðir. Í úrtakinu voru tvær beinar útsendingar frá íþróttaleikjum, ein frá handboltaleik karla og önnur frá fótboltaleik karla og voru þær ekki skráðar. Greina þyrfti slíkar útsendingar á annan hátt þar sem hlutverkin þar eru annars eðlis en í hefðbundinni þáttagerð, mörgum persónum bregður fyrir og erfitt er að leggja mat á mikilvægi hvers einstaklings í útsendingunni. Áhugavert og einfalt væri til dæmis að gera einfalda talningu á útsendingum frá karla- og kvennaíþróttaviðburðum.

Höfundur er BA-nemi í félags- og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands og vann rannsóknina að beiðni Hilmars Thors Bjarnasonar stundakennara í fjölmiðlafræði við félagsfræðiskor HÍ.

1.2. Úrvinnsla

Niðurstöður þessarar rannsóknar byggja á meginlegum gögnum sem fengin eru úr innhaldsgreiningu á sjónvarpsefni úr einni samsetti viku. Megin athuginin var kyn fólks sem birtist á skjánum. Tegund efnis var einnig skráð, hvort þátturinn væri drama, grín eða fræðsluefni o.sv.frv. Athugað var hvort efnið væri eigin framleiðsla eða aðkeypt og hvort efnið væri innlent eða erlent. Lagt var mat á hvort viðkomandi væri innri eða ytri þátttakandi í þættinum. Innri þátttakandi væri t.d. þáttastjórnandi og þeir sem að þættinum standa en ytri þátttakandi væri t.d. viðmælandi eða skemmtikraftur með atriði. Í hefðbundnum leiknum drama- eða grínþætti eru allir skráðir sem innri þátttakendur. Þetta á líka við um kvikmyndir. Að lokum var lagt mat á aldur þátttakanda og hlutverk hans greint.

Úrvinnsla þeirra gagna sem aflað var til rannsóknarinnar er að nokkru leyti háð huglægu mati rannsakanda. Á þetta einkum við um aldur fólks sem erfitt getur verið að greina, sérstaklega þegar um er að ræða þuli sem ekki sjást á skjánum. Einnig getur sami einstaklingurinn birst í fleiru en einu hlutverki í sama þættinum og var það hlutverk sem virtist vera ráðandi skráð. Leikarar leika oft persónur á öðrum aldri en þeirra eigin en þá var

skráður sá aldur sem persónan átti líklega að vera á. Þó er sjaldan svo mikill munur þar á að vafi leiki á um hvaða aldur ætti að skrásetja. Eins voru nokkur tilfelli þar sem leikarar léku persónu af hinu kyninu eins og í þáttunum Little Britain og Spaugstofunni en þá eru kyn leikaranna sjálfra skráð og leikararnir einungis skráðir einu sinni þótt þeir skipti um gervi á milli atriða.

Hlutverk fólks voru flokkuð niður í 11 flokka en þessir flokkar skarast nokkuð. Oft er erfitt að greina á milli hlutverkanna þátttakandi í umræðum eða þátttakandi í viðtali. Einnig gat reynst flókið að gefa ytri þátttakendum stöðuheiti þar sem þeir eru oft ekki kynntir sérstaklega í alls kyns götuspjalli sem tíðkast í mörgum sjónvarpsþáttum.

Raunveruleikþættir eru ný tegund sjónvarpsefnis sem hefur komið fram á sjónvarsviðið síðan sambærileg rannsókn var framkvæmd. Þessir þættir voru ekki flokkaðir sérstaklega enda heyra þeir í flestum tilfellum undir skemmtiþætti.

Tímamæling var ekki gerði í þessari rannsókn þannig að ekki liggja fyrir upplýsingar um raunverulega viðveru kynjanna á skjánum en hlutfall kynjanna ætti að geta gefið nokkuð glögga mynd af því. Allt þetta kom þó ekki að sök því markmið rannsóknarinnar var eins og áður sagði fyrst og fremst að greina kyn einstaklinga og lék sjaldnast vafi á því.


2. Niðurstöður

Niðurstöður þessar byggja á öllu sjónvarpsefni, að frátöldum fréttum og auglýsingum, sem var á dagskrá Ríkissjónvarpsins, Stöð 2 og Skjás eins í samsettri viku í apríl og maí 2005 frá kl. 19.00 til 23.00. Alls voru greindir 1623 einstaklingar í úrtakinu. Þar af voru 1057 karlar en 566 konur.

2.1 Karlar og konur í sjónvarpsþáttum

Meginathugum þessarar rannsóunar var að athuga hlutfall karla og kvenna í sjónvarpsþáttum.

Mynd 1.
Hlutfall karla og kvenna í sjónvarpsþáttum




Mynd 1 sýnir hlutfall kynjanna í sjónvarpsþáttum á tímabilinu. Af 1623 einstaklingum sem skráðir voru, voru 1057 karlar eða 65,10% en 566 konur eða 34,9%. Karlar birtast þannig nær tvöfalt á við konur á skjánum.

Tafla 1
Hlutfall karla og kvenna í sjónvarpsþáttum eftir sjónvarpsstöð

	Karlar	Konur
RÚV	29,7% (314)	32,7% (185)
Stöð 2	37,2% (393)	29,7% (168)
Skjár einn	33,1% (350)	37,6% (213)
Samtals	100% (1057)	100% (566)

Tafla 1 sýnir dreifingu innan kynjanna á milli sjónvarpsstöðvanna þriggja og fjöldatölur innan sviga. Ekki er mikill munur á stöðvunum. Þó má greina að Stöð 2 sýnir hlutfallslega flesta karla og færstar konur samanborið við hinar stöðvarnar. Rúv sýnir hlutfallslega fæsta karla en Skjár einn flestar konur.

Mynd 2
Hlutfall karla og kvenna greint eftir sjónvarpsstöð



Mynd 2 sýnir hlutfall karla og kvenna greint eftir sjónvarpsstöð. Skjár einn og Rúv eru með sömu hlutföllin eða það skeikar aðeins einu prósentustigi sem er mjög athyglisvert. Hlutfallið hjá Rúv er 63% karlar og 37% konur en hjá Skjá einum er það 62% karlar og 38% konur. Stöð 2 hrekkur ekki langt frá en munurinn er þó meiri þar, karlar eru 70% birtra einstaklinga en þessi tala dregur heildartöluna upp í 65%.

2.2 Tegundir sjónvarpsefnis

Tilteknar voru átta tegundir eða flokkar sjónvarpsefni. Sjá má þessa flokka í töflu 2.

Tafla 2

Fjöldi karla og kvenna eftir tegundum sjónvarpsefnis á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum

	Karlar	Konur
Drama/framhaldsmyndir	303	174
Fræðslu/heimildarmyndir	22	6
Kvikmyndir	174	65
Menning/listir	44	24
Skemmtiþættir	419	224
Tónlistarþættir	11	1
Umræðu/viðtalsþættir	58	32
Íþróttarþættir	26	40
Samtals	1057	566

Í töflu 2 sést fjöldi einstaklinga sem birtist í sjónvarpsþáttum þegar þeir eru greindir eftir tegundum. Fjölmennasti flokkurinn er skemmtiþættir en sá fámennasti er tónlistarþættir. Þessar tölur endurspeglu líka hvaða þættir eru algengastir.

Þó erfitt sé að bera kynin saman í þessari tíðnitöflu má strax sjá að konur eru í meirihluta í flokknum *íþróttarþættir*. Taka ber fram að í úrtakinu eru ekki margir íþróttarþættir og í einum þeirra var eingöngu fjallað um kvennahandbolta og hefur sá þáttur talsverð áhrif á niðurstöðurnar.

Tafla 3

Hlutfall karla og kvenna eftir tegundum sjónvarpsefnis á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum reiknað innan kyns

	Karlar	Konur
Drama/framhaldsmyndir	28,7%	30,7%
Fræðslu/heimildarmyndir	2,1%	1,1%
Kvikmyndir	16,5%	11,5%
Menning/listir	4,2%	4,2%
Skemmtiþættir	39,6%	39,6%
Tónlistarþættir	1,0%	0,2%
Umræðu/viðtalsþættir	5,5%	5,7%
Íþróttarþættir	2,5%	7,1%
Samtals	100,0%	100,0%

Tafla 3 sýnir í hvaða hlutföllum hvort kynið dreifist á ólíkar tegundir þátta. Mikið samræmi er í tölunum þegar kynin eru borin saman, t.a.m. er hlutfallið nákvæmlega það sama innan stærsta flokksins skemmtiþættir þar eða 39,6%. Næst stærsti flokkurinn er drama- og


framhaldsm myndir þar sem bæði kynin eru um 30%. Aldrei skeikar meiru en 5 prósentustigum í samanburði á kynjunum.

Tafla 4
Hlutfall karla og kvenna eftir tegundum sjónvarpsþátta á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum reiknað innan flokkanna

	Karlar	Konur	Samtals
Drama/framhaldsm myndir	64%	36%	100%
Fræðslu/heimildarm myndir	79%	21%	100%
Kvikmyndir	73%	27%	100%
Menning/listir	65%	35%	100%
Skemmtiþættir	65%	35%	100%
Tónlistarþættir	92%	8%	100%
Umræðu/viðtalsþættir	64%	26%	100%
Íþróttarþættir	39%	62%	100%

Tafla 4 sýnir hlutfall kynjanna reiknað innan tegundar sjónvarpsþátta. Mestur er munurinn í flokknum tónlistarþættir þar sem konur eru einungis 10% þeirra sem birtast. Karlar eru í miklum meirihluta í öllum efnisflokkum nema einum. Konur eru í meirihluta í flokknum í *íþróttarþættir*. Annars eru karlar í yfirgnæfandi meirihluta og er hlutfall karla á bilinu 63 til 79%. Ahugavert er að í fjórum flokkum af átta er hlutfall karla á bilinu 63 til 65% sem passar við hlutfallið sem reiknað er úr öllum birtum einstaklingum en það er einmitt 65%, eins og áður hefur komið fram.

Mynd 3
Hlutfall karla og kvenna eftir tegundum sjónvarpsþátta á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum reiknað innan flokkanna



Mynd 2 sýnir það sama og tafla 4 en auðveldara er að átta sig á hlutföllunum hér sem eru oftast ein kona á móti tveimur körlum.

2.3 Hlutverk í sjónvarpsþáttum

Tafla 5

Fjöldi karla og kvenna í hlutverkum í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum

	Karlar	Konur
Þáttastjórnandi	58	18
Þátttakandi í umræðum	8	2
Þátttakandi í viðtali	132	56
Sérfræðingur	20	16
Aðalpersóna	226	165
Aukapersóna	547	252
Statisti	9	7
Sögumaður	12	1
Annað	17	35
Skemmtiatriði	28	14
Samtals	1057	566

Tafla 5 sýnir hvernig einstaklingar dreifast á hlutverkaflokkana. Algengasti flokkurinn er aukapersónur en þar á eftir kemur flokkurinn aðalpersónur. Sumir flokkanna eru fámennir og mætti jafnvel slá saman.

Tafla 6

Hlutfall í hlutverkum í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum innan hvors kyns

	Karlar	Konur
Þáttastjórnandi	5,5%	3,2%
Þátttakandi í umræðum	0,8%	0,4%
Þátttakandi í viðtali	12,5%	9,9%
Sérfræðingur	1,9%	2,8%
Aðalpersóna	21,4%	29,2%
Aukapersóna	51,8%	44,5%
Statisti	0,9%	1,2%
Sögumaður	1,1%	0,2%
Annað	1,6%	6,2%
Skemmtiatriði	2,6%	2,5%
Samtals	100,0%	100,0%


Tafla 6 sýnir hlutfall hlutverka innan hvors kyns. Flokkurinn aukapersóna er stærstur eins og áður hefur komið fram. Áhugavert er að sjá að mikið samræmi er í tölunum þegar kynin eru borin saman og skeikar aldrei meiru en 7,8% en það er í næst stærsta flokksnum *aðalpersóna*. Minnstur er munurinn í *skemmtiatriði* eða 0,1%. Í sjö flokkum af 10 er munurinn innan við 3%. Þetta er einkar áhugavert því ólíkur fjöldi einstaklinga stendur á bakvið kynin þótt hlutföllin reynist vera þau sömu.

Tafla 7
Hlutfall karla og kvenna í hlutverkum í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og SkjáEinum greint innan hlutverka

	Karlar	Konur	Samtals
Þáttastjórnandi	76%	24%	100%
Þátttakandi í umræðum	80%	20%	100%
Þátttakandi í viðtali	70%	30%	100%
Sérfræðingur	56%	44%	100%
Aðalpersóna	58%	42%	100%
Aukapersóna	69%	31%	100%
Statisti	56%	44%	100%
Sögumaður	92%	8%	100%
Annað	33%	67%	100%
Skemmtiatriði	67%	33%	100%

Tafla 7 sýnir hlutföll kynjanna innan hvers hlutverks. Karlar eru hlutskarpari í öllum hlutverkaflokkum nema í flokksnum *annað*. Sá flokkur var notaður í íþróttáþáttum þar sem sýnt var frá leikjum án þess að einstaklingur væri tekinn í viðtal. Einstaklingur var skráður ef hann var sýndur nógu lengi í mynd og ef þáttastjórnandi nefndi hann á nafn. Eins og áður hefur komið fram var í úrtakinu íþróttáþáttur þar sem nær eingöngu var greint frá kvennahandbolta. Flokkurinn sögumaður nær líka yfir þuli og er áberandi hversu fáar konur eru í þeim flokki miðað við karla en einungis 8% konur eru í flokksnum. Hlutföllin komast næst því að vera jöfn í flokkunum *sérfræðingur* og *statisti* og þar á eftir í flokksnum *aðalpersóna*. Sérfræðingur er einstaklingur sem er tekinn í viðtal og gefur álit sitt á málefni sem hann er sérfróður um.

Mynd 4
Hlutfall karla og kvenna í hlutverkum í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum greint innan hlutverka



Mynd 4 sýnir það sama og tafla 6 þ.e. hlutföll kynjanna innan hlutverka.

2.4 Aldur einstaklinga í sjónvarpsþáttum

Aldur einstaklinga í sjónvarpsþáttum er háður huglægu mati rannsakanda, ekki síst þegar um þuli er að ræða. Það flækir einnig málið að í gaman- og dramaþáttum er algengt að leikarar leiki persónur sem eiga að vera talsvert yngri en þeir sjálfir. Engu að síður gefa tölur um skiptingu milli aldurshópa ágætis vísbendingu um aldursskiptingu einstaklinga í sjónvarpsþáttum.


Tafla 8
Hlutfall karla og kvenna í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum eftir aldri

	Karlar	Konur
Yngri en 12 ára	4,6% (49)	4,2% (24)
13-19 ára	4,7% (50)	7,8% (44)
20-34 ára	27,3% (289)	39,9% (226)
35-49 ára	41,2% (436)	35,2% (199)
50-64 ára	20,2% (213)	12,0% (68)
65 ára og eldri	1,9% (20)	0,9% (5)
Samtals	100,0%	100,0%

Tafla 8 sýnir hlutfall aldursdreifingar í úrtakinu innan hvors kyns en fjöldatölur eru innan sviga. Aldursdreifingin er nokkuð ólík eftir kynjum. Sjá má að konur dreifast frekar á lægri aldursflokka og að karlar í úrtakinu eru fleiri í eldri aldursflokkum. Flestar konur eru í

aldursflokknum 20-34 ára eða 39,9% en flestir karlar eru í flokknum 35-49 ára eða 41,2%. Samanlagt eru 75,1% kvenna á aldursbilinu 20-49 ára en einungis 12,9% yfir 50 ára. Aftur á móti eru 22,1% karla yfir 50 ára. Hlutföllin eru svipuð í yngsta aldursflokknum og fæstir eru í flokknum 65 ára og eldri.

Mynd 4
Aldursskipting kynja miðuð við 35 ára



Mynd 4 sýnir hvernig aldur kynjanna dreifist miðuð við 35 ára aldur. Hjá konum dreifist aldurinn nokkuð jafnt miðuð við 35 árin og eru örlítið fleiri konur yngri en 35 ára. Rúmur þriðjungur karla er yngri en 35 ára og þar af leiðandi rúm 60% sem eru eldri en það. Meðalaldur karla er því mun hærri en meðalaldur kvenna í sjónvarpsþáttum.

2.5 Uppruni efnis

Uppruni sjónvarpsþátta var skráður sérstaklega til að kanna hvort munur væri á birtingu kynjanna í efni sem framleitt er af sjónvarpsstöðvunum sjálfum og hins vegar aðkeyptu efni.

Tafla 10
Hlutfall karla og kvenna eftir uppruna efnis

	Karlar	Konur
Eigin framleiðsla	20,4% (216)	24,0% (136)
Aðkeypt efni	79,6% (841)	76,0% (430)
Samtals	100,0%	100,0%

Tafla 10 sýnir hlutfall karla og kvenna eftir uppruna efnis. Hlutfallið er nokkuð svipað hjá báðum kynjunum eða rúm 20% í eigin framleiðslu og á bilinu 76 til 80% í aðkeyptu efni. Þessar tölur endurspeglu líka hlutfall innlands og erlends efnis þar sem sjónvarpsstöðvarnar framleiða sjálfar dagskrárefni sitt í nær öllum tilvikum. Þetta sýnir að hlutföllin halda sér, það er sama hver framleiðir efnið.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar leiða í ljós að mikill munur er á hlutfalli karla og kvenna í sjónvarpsþáttum í íslensku sjónvarpi og eru nær helmingi fleiri karlar en konur á skjánum. Þetta eru síður en svo ánægjulegar niðurstöður og hallar meira á hlut kvenna en margan hefði grunað. Virðist sem ákveðið lögmál sé í gangi þar sem sömu hlutföllin birtast aftur og aftur hvort sem um ræðir heildarhlutfall birtra einstaklinga eða hlutfall innan ákveðinna efnisflokka.

Karlar eru í meirihluta í öllum efnisflokkum hvort sem um ræðir tegund þáttar eða hlutverk, nema í einu tilviki þ.e. í íþróttabáttum. Konur eru einnig fleiri í hlutverkaflokknum *annað* en það eru einmitt bein tengsl á milli þess flokks og íþróttabáttarins. Ég tel, því miður, að þátturinn um kvannahandbolta sem lenti í úrtakinu gefi villandi mynd af íþróttabáttum yfirhöfuð og að konur séu venjulega ekki í öndvegi í slíkum þáttum. Þessi tiltekni þáttur hefur jákvæð áhrif á meðaltal kvenna (hækkar meðaltalið) og skekkir hugsanlega niðurstöður en rangt hefði verið að taka hann ekki með í niðurstöður. Aftur á móti var tveimur beinum útsendingum frá hópiþróttum karla sleppt vegna þess að slíkt sjónvarpsefni þarfnast annarrar kóðunar sem ekki var gert ráð fyrir í þessari rannsókn sem beinist að þáttum og kvikmyndum. Þetta gæti þýtt að ástandið sé jafnvel enn verra en þessi rannsókn sýnir fram á. Hugsanlega þyrfti að taka stærra úrtak en eina samsetta viku við endurtekningu þessarar rannsóknar svo að einn þáttur með óhefðbundin efnistöð hafi ekki áhrif á niðurstöður.

Það hlýtur að teljast til gleðitíðinda að konur eru næstum búnar að jafna metin innan hlutverkaflokkanna *sérfræðingur* og *adalpersóna* sem hljóta að vera eftirsóknarverð og áberandi hlutverk. En langt er í land með að rétta hlut kvenna í hlutverkinu þáttastjórnandi sem kemur hvað verst út fyrir konur á eftir hlutverkinu *sögumaður* eða þulur.

Konur á skjánum eru mun yngri en karlar og virðist sem konur séu ekki eftirsóknarvert myndefni séu þær eru komnar yfir fimmtugt. Aftur á móti eru flestir karlar á skjánum á miðjum aldri. Staðalmyndirnar sem myndmiðlarnir draga upp eru því ung kona á þrítugsaldri og þroskaður maður um fimmtugt. Við endurtekningu þessarar rannsóknar tel ég að breyta ætti aldursflokkunum sem skiptast við 35 árin og þrengja bilið því mér virðist sem algengt sé að persónur eigi að vera á milli þrítugs og fertugs. Sá flokkur tel ég að yrði stór og gæfi gleggri mynd heldur en flokkur sem telur frá 35 upp í 49 ára.

Það virðist sem lögmál um hlutfallið einn á móti tveimur hafi hreiðrað um sig í sjónvarpsþáttum þar sem ein kona er birt á við tvo menn. Þetta er afar merkilegt í ljósi þess að í þessari rannsókn ræðir um þrjár ólíkar sjónvarpsstöðvar með afar ólík efnistöð og mismikið framboð á eigin framleiðslu og aðkeyptri en það virðist engu máli skipta, lögmálið heldur. Bandarískir framleiðendur hittu sem sagt naglann á höfudið þegar þeir framleiddu unglingsþættina *Two Guys And a Girl* nema að stúlkan hefði auðvitað átt að vera á milli tvítugs og þrítugs en piltarnir um fimmtugt.